

STJÓRNARTÍÐINDI B 4 — 1971

29. janúar 1971.

65

Nr. 25.

AUGLÝSING

um laun stundakennara o. fl. skólaárið 1970/1971.

1. gr.

Með hliðsjón af ákvæðum kjarasamnings milli fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og kjararáðs B.S.R.B. f. h. starfsmanna ríkisins fyrir tímabilið 1. júlí 1970 til 1. júlí 1972, hefur menntamálaráðuneytið í samráði við fjármálaráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

2. gr.

Til viðbótar stundakennaralaunum eins og þau voru haustið 1970, samkvæmt auglýsingu nr. 252/1968, um laun stundakennara, greiðist skólaárið 1970/1971 sem hér segir:

a) Fyrir tímabilið 1. september—31. desember 1970	10.67%
b) Fyrir tímabilið 1. janúar—31. ágúst 1971	16.00%

Hafi stundakennari þá menntun og starfsþjálfun, sem haft hefði í för með sér hækkun hjá föstum kennara viðkomandi skóla um þrjá eða fleiri launaflokka, kemur í stað ofangreindra viðbóta:

- a) 15.33%.
- b) 23.00%.

3. gr.

Eigi skal greiða fyrir eyður, sem verða kunna í starfstíma stundakennara.

4. gr.

Orlofsfé er innifalið í greiðslum samkvæmt 2. gr.

5. gr.

Frá 1. janúar 1971 greiðist öll kennsla, sem ekki er innt af hendi af föstum kennurum viðkomandi skóla, með stundakennarakaupi, sbr. b-lið 2. gr.

6. gr.

Kennari, settur eða skipaður í hluta af stöðu, sem kennir samkvæmt stundaskrá fleiri stundir en nemur kennsluskyldu sinni, þó ekki umfram kennsluskyldu fullrar stöðu á viðkomandi skólastigi, fær viðbótargreiðslur beint úr ríkissjóði. Viðbót þessi greiðist, eftir því sem við á, allt árið með föstum launum kennarans og reiknast mánaðarlega á eftirfarandi hátt

$$\frac{a \times b}{c \times d}$$

B 9

þar sem:

- a = Fjöldi kennslustunda á mánuði umfram kennsluskyldu samkvæmt ráðningu og reglum um afslátt af kennsluskyldu.
- b = Föst mánaðarlaun samkvæmt ráðningu.
- c = Fjöldi skyldukennslustunda á mánuði miðað við ráðningu í fulla stöðu án afsláttar.
- d = Ráðningarhlutfall kennara.

Um greiðslur fyrir áðurgreinda aukakennslu og aðra aukakennslu þessara kennara, þar með greiðslur í veikindaforföllum, fer að öðru leyti eftir reglum um greiðslur fyrir aukakennslu kennara í fullri stöðu.

Ákvæði þessarar greinar gilda frá 1. september 1970.

7. gr.

Stjórnskipaðir prófdómendur skulu hafa sama tímakaup og stundakennarar skólanna, er þeir starfa við. Greiða skal fyrir hverja klukkustund prófdómara-starfs eins og fyrir eina kennslustund.

8. gr.

Auglýsing nr. 252/1968 um laun stundakennara er hér með úr gildi felld.

Í menntamálaráðuneytinu, 29. janúar 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um rekstrarkostnað skóla.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Ríkissjóður og sveitarfélög greiða rekstrarkostnað barna- og gagnfræðastigsskóla samkvæmt því, er segur í lögum nr. 49/1967, um skólakostnað, og eftir því, sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari. Sveitarfélög sjá um útborgun slíks kostnaðar, annars en fastra launa skólustjóra, fastra launa kennara og annarra starfsmanna, sem menntamálaráðuneytið ræður, setur eða skipar. Laun stjórnskipaðra prófdómenda greiðast beint úr ríkissjóði svo og þóknun til skólustjóra vegna tvi- og þrisetningar. Einnig greiðast beint úr ríkissjóði laun námsstjóra og námseftirlitsmanna, er ráðuneytið ræður, setur, eða skipar, svo og laun ráðskvemma í heimavistum skyldunáms, enda séu ráðningarkjör þeirra samþykkt af ráðuneytinu.

2. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum útlagðan launakostnað vegna kennslu og annarra starfa, mánaðarlega eftir á, á starfstíma skóla eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari. Greiðslur fara fram með þeim hætti, að mánaðargreiðslur eru miðaðar við áætlun skólanefndar og skólustjóra fyrir viðkomandi skóla-